



Starfsáætlun 2026-2027

Vesturberg





Starfsáætlun 2026-2027

Vesturberg

Vesturbraut 15

Reykjanesbær, ágúst 2026

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
1. Starfsáætlun 2026-2027.....	2
1.1 Hlutverk	2
1.1.a Með opnum hug og gleði í hjarta í Vesturbergi.....	2
1.2 Samstarf við foreldra	3
1.3 Markmið og framtíðarsýn	3
1.4 Snemmtæk íhlutun í Vesturbergi.....	4
1.5 Gæðamarkmið.....	4
1.6 Helstu verkefni á árinu.....	5
1.6. a Hljómsveit	7
1.6. b Pennahópur:	7
1.6.c Hugarfrelsi í Vesturbergi.....	8
1.6.d Farsældarlögin.....	8
1.6.e Töfraskjóðan – vettvangsferðir og fjársjóðsleit.....	8
1.6.f Gefðu 10 - málörvun	9
1.7 Menning, endurmenntun og samfélagið.....	9
1.7.a Menning og hefðir.....	9
1.7.c Endurmenntun.....	10
1.7.c Samfélagið í Vesturbergi	10
2. Velliðan í starfi.....	11
3. Hlutverk ÍSAT kennara og kennslu í leikskóla (2–5 ára börn).....	12
Lokaorð.....	13

Inngangur

Haustið fer vel af stað í Vesturbergi, er með hefðbundnu sniði þar sem aðlögun litar fyrstu vikur starfsársins. Námskrá hefur litið dagsins ljós og verður formlega gefin út á næstu dögum, þar sem hugmyndafræði, áherslur Vesturbergs koma skýrt fram. Við höldum áfram að vinna með okkar áherslur og einkenni í flæði og aldursblöndun í fjölbreyttum barnahópi þar sem gleði, frumkvæði og vinátta eru okkar leiðarljós og einkunnarorð. Sjálfsákvörðunarréttur barnanna er virtur og flæðið fær að flæða í gegnum húsið. Kennarahópurinn er meðvitaður um að hlutverk kennarans er krefjandi en um leið gefandi og er skipulagning og undirbúningur lykilhugtök í starfi kennarans.

1. Starfsáætlun 2026-2027

1.1 Hlutverk

Í 1. grein laga um leikskóla frá árinu 2008, segir að leikskólinn sé fyrsta skólastigið og sé fyrir börn undir skólaskyldualdri. Í samræmi við lög annast leikskólinn Vesturberg uppeldi, umönnun og menntun barna sem hann sækja.

Starfið byggir á þremur meginstoðum:

- **Aðalnámskrá leikskóla** - fagleg leiðsögn fyrir starfið
- **Menntastefna Reykjanesbæjar** - „Í krafti fjölbreytileikans“ með leiðarljósunum: börnin mikilvægust, vellíðan íbúa og vistvænt samfélag
- **Námskrá Vesturbergs** - lifandi plagg í sífældri þróun sem aðlagast barnahópi og fjölskyldum hvers árs

Frá upphafi hefur aðaláherslan í Vesturbergi verið á hinn frjálsa leik og lítum við á barnið sem getumikinn einstakling sem hefur þörf fyrir ást, öryggi, hlýju og viðurkenningu hins fullorðna.



ALLIR MEÐ



MÉR LÍÐUR VEL



OPNUM HUGANN



SKÖPUNARGLEÐI



VIÐ OG JÖRÐIN

1.1.a Með opnum hug og gleði í hjarta í Vesturbergi

Námsstefna leikskólans Vesturbergs byggir á virðingu fyrir frjálsum leik barna. Leiðarljós hans byggir á þörf barna fyrir ást, hlýju, öryggi og viðurkenningu hinna fullorðnu, ásamt því að veita þeim öruggt og skemmtilegt umhverfi sem ýtir undir gleði, forvitni og frumkvæði barna einnig byggir starfið á því að efla sjálfstæði og sjálfsmynd þeirra.

Þau þrjú leiðarljós sem Menntastefna Reykjanesbæjar byggir á falla afar vel að anda og starfi Vesturbergs. Börnin eru svo sannarlega mikilvægust hér í Vesturbergi eins og lög gera ráð fyrir en að börnin séu mikilvægust er eitt af leiðarljósunum. Inn í starfi leikskólans fléttast ýmis verkefni sem dæmi má nefna verkefni í Pennahóp sem eru margvísleg, Iða, Hljómsveit og Hugarfrelsi. Í krafti fjölbreytileikans tökum við öll þátt í leik og starfi hér í Vesturbergi og berum virðingu fyrir hvort öðru og tökum tillit. Í því menntasamfélagi sem ríkir hér styðjum við hvert annað í nýjum skrefum, styrkjum og eflum fagfólkið okkar, það er okkur mikilvægt að styðja við fólkið okkar í nýjum starfsháttum en ekki síður að efla okkar góðu og mikilvægu menningu.

Stefnuáherslurnar fimm sem tilheyra Menntastefnu Reykjanesbæjar passa afar vel við samfélagið í Vesturbergi þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín í mörgum verkefnum og á flestum svæðum hússins. Þegar stefnuáherslur eru mátaðar við starf Vesturbergs er óhætt að segja að þær mátaast afar vel við starfið. Við og jörðin, sköpunargleði, allir með, mér líður vel og opnum hugann eru áherslur sem smell

passa inn í allt starf og eins og Menntastefna Reykjanesbæjar hafi verið hönnuð utan um starfið hér. Víða í starfáætluninni eru annaðhvort leiðarljós eða stefnuáherslur tengdar inn í verkefni en í flestum tilfellum má finna enn fleiri sem gætu einnig tengst.

Í krafti fjölbreytileikans er slagorð Reykjanesbæjar og er vísun í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og felur í sér framtíðarsýn með sex stefnuáherslum og þremur gildum. Stefnuáherslurnar eru börnin mikilvægust, vellíðan íbúa, vistvænt samfélag, fjölbreytt störf, kraftur fjölbreytileikans og skilvirk þjónusta. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er einnig hluti af því efni sem Reykjanesbær hefur innleitt og eru bæði Barnasáttmáli og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna hluti af Menntastefnu Reykjanesbæjar



1.2 Samstarf við foreldra

Gott samstarf heimilis og leikskóla er mikilvægur þáttur í námi, vellíðan og þroska barna. Í Vesturbergi leggjum við ríka áherslu á opin og traust samskipti við foreldra og eru foreldrar ávallt velkomnir í leikskólann.

Vala er helsta upplýsingakerfi leikskólans og nýtist bæði foreldrum og kennurum til samskipta og upplýsingamiðlunar. Heimastofur eru einnig með lokaða hóp á Facebook þar sem miðlað er fréttum og innsýn í daglegt leikskólastarf, auk þess sem Vesturberg heldur úti Facebook-síðu fyrir almennar upplýsingar og fréttir úr starfinu.

Við leikskólann starfar **foreldrafélag** og jafnframt **foreldraráð** samkvæmt lögum um leikskóla, en þrír foreldrar eiga sæti í ráðinu.

Við lítum á foreldra sem mikilvæga samstarfsaðila í skólagöngu barnanna og leggjum áherslu á gagnkvæmt traust, gott upplýsingaflæði og samtal milli heimilis og leikskóla.

1.3 Markmið og framtíðarsýn

Þar sem nemendur fara frjálst um húsið er nauðsynlegt að fylgjast með ferðum þeirra og tryggja að hver nemandi fari á öll svæði og njóti þess sem í boði er. Með flæði og aldursblöndun í huga fá börnin að velja svæði, efnivið og leikfélaga eftir dagsformi og fá tíma og rými til að þróa leik sem nýtist þeim í námi. Aldursblöndun veitir börnum tækifæri til að upplifa fjölbreytileikann og að vera hluti af samfélagi þar sem enginn er eins og staddur á sama stað í þroska.

Tvisvar yfir veturinn eru foreldraviðtöl í október og í maí. Það er kennaranna að tryggja að allir nemendur fari á öll svæði og tryggi að börnin fái þá námsþætti sem eru í boði samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla. Það er sannarlega í krafti fjölbreytileikans í sinni víðustu mynd að börnin flæði og hagi sínum gjörðum eftir eigin höfði, þau eru jú mikilvægust.

Námskráin er í sífelldri þróun og er afhent öllum foreldrum þegar börn þeirra hefja leikskólanám í formi handbókar til foreldra. Námskrá Vesturbergs er lifandi plagg sem er í sífelldri þróun. Áherslur starfsins breytast og aðlagast að samfélaginu, barnahópi og fjölskyldum hvers skólaárs. Einnig þróast það í takt við áherslur aðalnámskrár leikskóla, lög um leikskóla og menntastefnu Reykjanesbæjar

1.4 Snemmtæk íhlutun í Vesturbergi

Í leikskólanum Vesturbergi leggjum við sérstaka áherslu á snemmtæka íhlutun. Við vinnum markvisst að því að fylgjast með þroska, líðan og velferð barna, og grípum snemma inn í ef vísbendingar eru um að barn þurfi stuðning. Með því að bregðast tímanlega við aukum við líkur á jákvæðri þróun barnsins og komum í veg fyrir að vandamál festist í sessi.

Starfsfólk leikskólans vinnur þétt saman að því að greina þarfir barna og veita þeim einstaklingsmiðaðan stuðning. Við leggjum mikla áherslu á reglulegt samstarf við foreldra og samráðsfundi innanhúss.

Við störfum einnig í nánú samstarfi við kennsluráðgjafa, talmeinafræðing og sálfræðing. Mánaðarlega hittumst við á svokölluðum nemendaverndarráðsfundum þar sem við ræðum mál barna sem þurfa sérstakan stuðning eða frekara mat. Þessi samvinna tryggir heildstæða nálgun, markvissan stuðning og snemmtækar lausnir sem miða að því að styrkja velferð hvers barns.

Markmið okkar er að öll börn fái þann stuðning sem þau þurfa til að dafna og þroskast í öruggu, hvetjandi og hlýlegu umhverfi.

1.5 Gæðamarkmið

Mat og gæðamarkmið í leikskóla þarf og er að sjálfsögðu til staðar, ýmsar leiðir eru notaðar til að kanna og meta verkefnin. Til að tryggja faglegt menntasamfélag er til dæmis áætlað að gera mat á ýmsum sviðum eins og venjulega. Undanfarin ár hefur mannauðssvið lagt fram starfsmannakönnun á vegum Moodup.

Ýmsar athuganir eru gerðar á börnunum, á vorin eru atferlisathuganir lagðar fyrir börnin sem farið er yfir í foreldraviðtölum. Hreyfiþroskapróf er lagt fyrir á vorin fyrir næstelsta árganginn, ef þörf er talin. Mál og hljóðkerfisvitund er athuguð með HLJÓM-2 prófi, hjá elstu börnum leikskólans, í september og aftur í janúar ef þörf er á. EFI-2 er málþroskaskimun fyrir þriggja ára börn og er skimun á máltjáningu og málskilningi, EFI-2 er lagt fyrir öll börn fædd 2023 í ár. Íslenski málhljóðamælirinn er einnig notaður ef grunur er um frávík.

Innra mat 2026 -2027

Foreldrasamtöl október og apríl hvert skóla ár
Reglubundin Moodup könnun starfsfólks, fjórðungslega yfir árið
Starfsmannasamtöl deildarstjóra í október, febrúar, apríl og júní.
EFI-2 er matstæki sem er notað til að meta þroska, hegðun og líðan þriggja ára barna með það að markmiði að veita þeim viðeigandi stuðning
HLJÓM-2 -athugun á mál og hljóðvitund leikskólabarna í lok september ár hvert
Símat og endurmat á verkefnum leikskólans á skipulagsdögum og hjá stjórnendateymi
Starfsmannasamtöl leikskólastjóra við deildarstjóra regluleg yfir árið og eftir þörfum
Vikulegir fundir stjórnendateymis
Vikulegir fundir með deildarstjórum

1.6 Helstu verkefni á árinu

Verkefni	Markmið	Ábyrgðaraðilar
Leikgleði með sögum og söng -Birte Harksen	-Að miðla sögum og söng í gegn um gleði og leik. Vikulega fer Birte verkefnið inn á hverja heimastofu.	Allt starfsfólk
Menntastefna Rnb	-Halda Menntastefnu Rnb á lofti	Allt starfsfólk
Námskrá Vesturbergs	-Allir starfsmenn lesa vel og starfa eftir	Allt starfsfólk
Barnasáttmáli SP	-Að vera meðvituð um Barnasáttmálann	Allt starfsfólk

Pennahópur	-Barnið sé læst á sjálft sig og fari öruggara á næsta skólastig	Pennahópskennarar
Hljómsveit	-Að efla hljóðkerfisvitund næst elsta árgangsins	Deildarstjórar
Hugarfrelsi	-Innleiða verkfæri til að draga úr neikvæðum hugsunum og þannig öðlast börn og kennarar frelsi frá áhyggjum, kvíða og ótta. Hugarfrelsi til þess að blómstra, frelsi til að nýta hæfileika sína sem best, frelsi til að velja hugsanir sínar sér og öðrum til gagns.	Allt starfsfólk
Iðá	-Kennarastýrð verkefni, dýpkun á námsefninu: -læsi -stærðfræði -listir -hreyfing -vísindi -vettvangsferðir -Töfraskjóðan	Allt starfsfólk
Sérkennsla/ Snemmtæk íhlutun	-Efla málskilning og máltjáningu -Efla almennan þroska ef um frávik er að ræða -Vinna náið með nemendaverndaráði	Sérkennslustjóri/Sérkennari
Gefðu 10	Á skólaárinu verður Gefðu 10 innleitt markvisst í Vesturbergi sem hluti af áherslu okkar á málþroska, samskipti og læsi.	Stjórnendur
Lubbi finnur málbeinið	-Málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára -kynna bókstaf vikunnar með íslensku máhljóðin í brennidepli	Allt starfsfólk

	-stuðla að auðugum orðaforða sem ýtir undir skýrari framburð.	
Bína	-Læra undirstöðu fyrir góð boðskipti	Allt starfsfólk
Heilsueflandi leikskóli	-Halda áfram með vinnuna og efla þátttöku starfsfólks	Allt starfsfólk
Tvítýngd börn	-Að auka orðaforða -Efla tjáningu á íslensku	Ísat kennari og stjórnendarteymi
Foreldra verkefni - Hugafrelsi	Hreyfing, jógastaða eða öndun í tengslum við staf vikunnar.	Allt starfsfólk
Töfraskjóðan	Að kynnast nærumhverfi leikskólans með upplýsandi hætti Töfraskjóðunnar	Allt starfsfólk

1.6. a Hljómsveit

Verkefnið Hljómsveitin hófst í janúar 2015 í henni eru næst elsti árgangurinn í leikskólanum, hópurinn hittist tvisvar í viku í klukkustund í senn. Aðaláherslurnar er almenn málörvun þar sem við eflum orðaforða, hlustunarskilning, vinnum með stafina og málhljóðin, rím, samstöður, margræð orð, samsett orð, hljóðtenging, vinnum með tölur og eflum talnaskilning.

Við styðjumst við ýmiskonar námsefni og hluti af því að vera í Hljómsveit er að heimsækja Bókasafn Reykjanesbæjar. Hljómsveit er undirbúningur fyrir Pennahóp.

1.6. b Pennahópur:

Í Pennahóp eru elstu nemendur Vesturbergs. Þau koma saman fjórum sinnum í viku og æfa ýmislegt tengt læsi, stærðfræði, sköpun, samvinnu, náttúru, fjölmenningu og fleira.

Í Pennahóp leggjum við aukna áherslu á leik sem námsleið umfram kennsluaðferðir, að það sé hægt að leyfa þeim að leika meira og læra minna.

Að börn fái að takast á við þau verkefni og viðfangsefni sem henta þroska þeirra og getu hverju sinni og leyfa þeim að njóta styrkleika sinna um leið og unnið er með veikleika þeirra.

Helstu markmið Pennahóps eru að þar er lögð áhersla á læsi og stærðfræði en einnig á sköpun, hreyfingu og samvinnu. Einnig er markmið að æfa hópinn fyrir næsta skólastig og gera þau öruggari fyrir þær breytingar sem framundan eru. Sú nýng í Pennahóp er útikennsla en hún felst í því að

kennslustundir eru færðar út í nánasta umhverfi og þar eru verkefni lögð fyrir. Með útikennslu fá börnin aukna hreyfingu, meira þol og betri hreyfifærni, einbeitingin eykst og félagsleg færni verður betri. Mest um vert er að barnið sé læst á sjálft sig og fari öruggara á næsta skólastig. Eins og fram kemur í Menntastefnu Reykjaneshæjar er læsi samheiti yfir marga færniþætti ásamt því er læsi grundvöllur þess að afla sér þekkingar sem eykur víðsýni og þroskar gagnrýna hugsun. Pennahópur heimsækir Bókasafn Reykjaneshæjar mjög reglulega yfir veturinn sem er heilmikið ævintýri.

1.6.c Hugarfrelsi í Vesturbergi

Í Vesturbergi höfum við undanfarin misseri lagt aukna áherslu á heilbrigði og velferð starfsfólks. Þar höfum við einkum lagt upp með að heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis.

Með verkfærum frá Hugarfrelsi hefur vellíðan aukist og sækja börnin í hugarfrelsis stundir og virðast njóta þess að vinna og ná ró með þessari aðferð. Eins og segir í Menntastefnu Reykjaneshæjar; *Vellíðan er grundvöllur þess að börnum farnist vel, þau séu virk, tileinki sér nám og öðlist hæfni sjálfum sér og öðrum til heilla.*

Allar heimastofur og Pennahópur nýta sér aðferðir Hugarfrelsis á hverjum degi og eru mjög misjafnar útfærslur á því hvernig það er gert.

Í öllu skólastarfi þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja nemendur og starfsfólk stórum hluta dagsins í leikskólanum. Þess vegna þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsuefandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum.

1.6.d Farsældarlögin

Leikskólinn Vesturberg vinnur samkvæmt lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Markmið laganna er að tryggja að börn og foreldrar fái viðeigandi og samfellda þjónustu án hindrana, með áherslu á snemmtækan stuðning og samþættingu þjónustu frá ýmsum aðilum, svo sem leikskólum, heilsugæslu, félagsþjónustu og öðrum þjónustuveitendum.

Í Vesturbergi er tengiliður farsældar til staðar til að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og börn, og stuðla að samþættingu þjónustu á fyrsta stigi. Hlutverk tengiliðsins er að hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi og tryggja að þjónusta sé veitt á réttum tíma og af réttum aðilum. Við innleiðingu farsældarlaganna leggjum við áherslu á samvinnu, sameiginleg markmið og snemmtækan stuðning. Við vinnum náið með foreldrum, öðrum stofnunum og fagfólki til að tryggja að hvert barn fái þá þjónustu sem það þarf til að ná farsæld.

1.6.e Töfraskjóðan – vettvangsferðir og fjársjóðsleit

Vesturberg fékk styrk úr nýsköpunar- og þróunarsjóði fyrir verkefnið Töfraskjóðuna sem verður unnið á skólaárinu 2026–2027. Verkefnið byggir á þeirri reynslu og þróunarvinnu sem þegar hefur átt sér stað í útinámi í Vesturbergi.

Með Töfraskjódunni ætlum við að færa námið út fyrir leikskólalóðina og nýta nærumhverfi Vesturbergs sem lifandi námsrými. Markmiðið er að auka þekkingu barnanna á nærumhverfi sínu, víkka sjóndeildarhring þeirra og skapa fjölbreytt tækifæri til náms í gegnum leik, hreyfingu, rannsóknir og upplifun.

Skipulagðar verða fjölbreyttar vettvangsferðir sem lagaðar eru að aldri, getu og þörfum barnanna. Í Töfraskjódunni verða meðal annars fjársjóðskort, gátur, fróðleikur, leikir og söngvar sem tengjast þeim stöðum sem heimsóttir eru. Þannig fá börnin tækifæri til að kynnst náttúru, sögu, listaverkum og menningu Reykjanesbæjar á lifandi og leikandi hátt.

Verkefnið er þverfaglegt og fléttar meðal annars saman læsi, hreyfingu, sköpun, náttúru, vísindi, samfélag og samskipti. Það fellur vel að hugmyndafræði Vesturbergs um frjálsan leik, aldursblöndun og nám í gegnum reynslu og tengist sérstaklega áherslu Menntastefnu Reykjanesbæjar „Við og jörðin“. Töfraskjóðan er hugsuð sem verkefni sem þróast áfram með okkur og verður hluti af skólastarfi Vesturbergs til framtíðar – þar sem nærumhverfið verður ein af námsstofum barnanna.

1.6.f Gefðu 10 - málörvun

Á skólaárinu verður **Gefðu 10** innleitt markvisst í Vesturbergi með það að markmiði að efla málþroska, orðaforða og samskipti allra barna.

Hugmyndin er að hvert barn fái daglega markvissa og málörvun. Tækifærin skapast alls staðar í daglegu starfi í leik, við matarborðið, í fataklefanum, á svæðum og í útiveru.

Gefðu 10 verður nýtt með öllum börnum, en er jafnframt mikilvægt verkfæri til að styðja sérstaklega við málþroska og íslenskunám tví- og fjöltyngdra barna.

Með innleiðingunni viljum við gera allt starfsfólk enn meðvitaðra um eigið hlutverk í málörvun og mikilvægi þess að gefa samtalinu tíma.

1.7 Menning, endurmenntun og samfélagið

1.7.a Menning og hefðir

Í Vesturbergi eru reglulega samverustundir á sal, þá hittast allir í Kiddasal og gera sér glaðan dag í söng og dansi. Þar fyrir utan eru hátíðisdagar haldnir í Kiddasal. Þeir dagar sem meðal annarra eru haldnir hátíðlegir eru Dagur íslenskrar tungu, íþróttadagur, hrekkjarvaka, jólahátíð, þorablót, bolludagur, sprengidagur og öskudagur. Ömmum og öfum er boðið í heimsókn á vormánuðum og foreldrum er boðið í bollukaffi í leikskólann. Á vormánuðum verður Listahátíð barna haldin með öllum leikskólum Reykjanesbæjar líkt og undanfarin ár. Heimsókn í Vatnaskóg er orðin hefð í hópi elstu barnanna, þá er farin eins dags útskriftarferð þar sem ævintýri eru upplifuð í Vatnaskógi. Sumarhátíð er haldin með pompi og prakt í samstarfi við Foreldrafélag Vesturbergs. Við fögnum að sjálfsögðu öllum afmælum hér í Vesturbergi með því að búa til kórónu, setjast í afmælisstól og bjóða til veislu. Pennahópur útskrifast í maí og þá er sko hátíð enda fögnum við útskrift af fyrsta skólastiginu. Vesturberg var opnað í júní árið 1997 og er því 30 ára á vormánuðum 2027, stefnt er að afmælisfögnuði.

1.7.c Endurmenntun

Endurmenntun er í alls konar myndum yfir allt árið í Vesturbergi. Skipulagsdagar eru vel nýttir til endurmenntunar og fléttast námskeið inn í skipulagdagana. Kennarar geta einnig notað undirbúningstíma sinn í endurmenntun.

Haustönn 2026
Undirbúningur og skipulag fyrir veturinn ágúst 2025.
Með tilkomu Fróða, fræðslukerfi Reykjanesbæjar, hefur úrval ýmiskonar námskeiða aukist og er margt í boði.
Ásthildur Bj. Snorradóttir -snemmtæk íhlutun
Sveinlaug Sigurðardóttir -útikennsla

Vorönn 2027
Höldum áfram að innleiða breytingar á Aðalnámsskrá leikskóla.
Samskiptasáttmáli endurskoður
Námsferð til Berlínar
Hvernig leiðtogar viljum við vera? Styrking á stjórnunarteymi Vesturbergs
Endurmat maí á innrastarfi í Vesturberg 2026 -2027.

1.7.c Samfélagið í Vesturbergi

Hér er skipting starfsfólks í Vesturbergi:

- **Leikskólakennarar: 40%** – 10 starfsmenn
- **Aðstoðarleikskólakennarar B.Ed.: 16%** – 4 starfsmenn
- **Önnur háskólamenntun: 4%** – 1 starfsmaður
- **Starfsfólk í leikskóla: 40%** – 10 starfsmenn

Samtals starfa **25 starfsmenn** í Vesturbergi.

Starfsmannahópur Vesturbergs er öflugur og fjölbreyttur og býr yfir góðri menntun, reynslu og þekkingu. Við erum afar stolt af fólkinu okkar og þeirri fagmennsku, hlýju og metnaði sem einkennir starfið í leikskólanum.


Innan okkar raða eru **tíu leikskólakennarar**, sem eru **40% starfsfólksins**. Að auki starfa hjá okkur **fjórir aðstoðarleikskólakennarar með B.Ed.-gráðu** og **einn starfsmaður með aðra háskólamenntun**.

Undanfarin ár höfum við lagt ríka áherslu á að **hvetja og styðja starfsfólk okkar til náms og áframhaldandi starfsþróunar**. Sú vinna er hægt og rólega að skila sér inn í starfið og styrkja faglega samsetningu starfsmannahópsins. Við höfum séð starfsfólk taka skrefið í nám, ljúka námi og koma með aukna þekkingu og nýja sýn aftur inn í starfið okkar.

Nú stunda **þrír starfsmenn meistaranám til leikskólakennararéttinda** samhliða störfum sínum í Vesturbergi. Þeir eru þegar taldir með í heildarfjölda starfsfólks hér að ofan og koma því ekki fram sem sérstakur hópur í tölunum. Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá hvernig áhugi á námi og faglegri þróun hefur vaxið innan hópsins og hvernig sú þekking skilar sér jafnóðum inn í daglegt starf með börnunum. Við lítum á þennan mannauð sem einn af okkar stærstu styrkleikum. Með öflugu og metnaðarfullu starfsfólki, fjölbreyttri reynslu og sífellt sterkari faglegum grunni höfum við góðar forsendur til að halda áfram að þróa **faglegt, metnaðarfullt og fjölbreytt leikskólastarf í Vesturbergi**.

Skipting starfsfólks í Vesturbergi (heild 25)

Þrír starfsmenn stunda auk þess meistaranám til leikskólakennararéttinda.



2. Velliðan í starfi

Velliðan í Vesturbergi skiptir okkur öll máli þar sem við dveljum drjúgan tíma ævi okkar í vinnunni. Mikilvægt er að hafa velliðan starfsmanna að leiðarljósi með því að bjóða upp á heilsusamlegt og öruggt starfsumhverfi og viðhafa góða stjórnunarhætti.

Jákvæð og heilbrigð samskipti eru hornsteinnar góðrar vinnustaðamenningar. Við fæðumst ekki með þessa hæfni heldur er hún lærð hegðun sem er mismunandi milli einstaklinga. Jákvæð og vingjarnleg samskipti smita út frá sér og við getum haft mikil áhrif á aðra með orðum og athöfnum. Góðvild, gefið af sér og þakklæti hafa einnig jákvæð áhrif.

Starfsmenn þurfa að velja sér jákvætt viðhorf til vinnunnar, samstarfsmanna og vinnustaðarins og skapa jákvæða orku í kringum sig. Þó stjórnendur spili stórt hlutverk í að skapa eftirsóknarvert vinnuumhverfi má ekki gera lítið úr ábyrgð starfsmanna. Starfsmenn þurfa að hlúa vel að sjálfum sér með því að hreyfa sig, næra sig á hollum mat og tryggja góðan nætursvefn.

Stundum getur verið erfitt að sjá björtu hliðarnar en það er þess virði að reyna. Við getum hugsað um það sem við erum þakklát fyrir eða gert eitthvað skemmtilegt innan þess ramma sem við höfum. Allt verður léttara og ánægjulegra með jákvæðu hugarfari, bæði á vinnustaðnum og heima.

3. Hlutverk ÍSAT kennara og kennslu í leikskóla (2–5 ára börn)

Innan leikskólans á hverju barni að vera tryggðar aðstæður til náms og þroska samkvæmt íslenskum lögum. Í þessu felst að leikskólanum er ætlað að jafna uppeldis- og námsstöðu allra barna. Í Vesturbergi er boðið upp á eflingu/kennslu tví- og fjöltyngdra barna og hefur sú kennsla staði yfir í nokkur ár og gefist mjög vel.

ÍSAT kennsla í leikskóla leggur grunn að íslenskunámi barna sem hafa annað móðurmál. Hlutverk ÍSAT kennara er að styðja málþroska og samskiptahæfni barna með markvissum aðferðum sem byggja á leik, daglegum samskiptum og sköpun.

Kennslan er samþætt leik og starfi leikskólans þannig að börnin fá tækifæri til að tileinka sér orðaforða, tjáningu og skilning á íslensku í eðlilegum aðstæðum. Kennarinn aðlagar nálgunina að aldri og þroska hvers barns, styður sjálfstæði og sjálfstraust í tjáningu og skapar jákvæða reynslu af íslensku sem tungumáli. Gefðu 10 er jafnframt eitt þeirra verkfæra sem styður við markvissa málörvun fjöltyngdra barna.

Samstarf við foreldra og starfsfólk leikskólans er mikilvægur hluti af starfinu, svo öll umönnun og námsumhverfi styðji við málþroska og félagslega þátttöku barnanna. Markmiðið er að börnin öðlist góðan grunn í íslensku til að geta tekið virkan þátt í leik, námi og daglegu lífi bæði í leikskóla og síðar í grunnskóla.

Lokaorð

Starfsáætlun Vesturbergs fyrir starfsárið 2026–2027 endurspeglar það metnaðarfulla og fjölbreytta starf sem fram fer í leikskólanum. Í öllu starfi okkar er barnið í forgrunni og lögd er áhersla á að skapa öruggt, hlýlegt og hvetjandi umhverfi þar sem gleði, leikur, forvitni og sjálfstæði fá að njóta sín.

Framundan er spennandi starfsár þar sem við höldum áfram að þróa starfið í takt við þarfir barnahópsins, fjölskyldna þeirra og samfélagsins. Við leggjum áherslu á faglegt samstarf, snemmtæka íhlutun, velliðan, fjölbreytileika og áframhaldandi starfsþróun. Öflugt og fjölbreytt starfsfólk Vesturbergs er einn helsti styrkur leikskólans og saman vinnum við að því að skapa gott og lifandi menntasamfélag fyrir börn og starfsfólk.

Með opnum hug og gleði í hjarta hlökkum við til samstarfsins og alls þess sem starfsárið 2026–2027 hefur upp á að bjóða.


Reykjanesbæ í ágúst 2026



Brynja Aðalbergsdóttir, leikskólastjóri Vesturbergs

Fyrir okkar leyti, í foreldraráði Vesturbergs, samþykkjum við starfsáætlun 2026-2027

Aníta Lóa Hauksdóttir 

Hulda Sif Gunnarsdóttir 

Thelma Björk Jóhannesdóttir 

Skóladagatal 2026-2027

Augúst	September	Oktober	November	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Máí	Júní	Júlí
1	1	1	1	1	Myrkudagur	1	1	1	1 mið	1	1 Sumarið
2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2 Sumarið
3 Sumarið	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3 Skvöldur	3
4 Sumarið	4	4	4	4 Fostirnætti	4	4	4	4	4	4 Skvöldur	4
5 Opnun N. 10	5	5	5	5	5	5	5 12 skvöldur	5	5	5	5 Sumarið
6	6	6	6	6	Dagur í skóla	6	6	6	6 Skvöldur	6	6 Sumarið
7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7 Sumarið
8	8	8	8	8	8	8	8	8	8	8	8 Sumarið
9	9	9	9	9	9	9	9	9	9	9	9 Sumarið
10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10
11	11	11	11	11	11	11	11	11	11	11	11
12	12	12	12	12	12	12	12	12	12	12	12 Sumarið
13	13	13	13	13	13	13	13	13	13	13	13 Sumarið
14	14	14	14	14	14	14	14	14	14 Önnu og alla	14	14 Sumarið
15	15	15	15	15	15	15	15	15	15	15	15 Sumarið
16	16	16 Skvöldur	16 Dagur í skóla	16	16	16	16	16 Skvöldur	16	16 Sumarið	16 Sumarið
17	17	17	17	17	17	17	17	17	17 2. íbyðun	17 12. júní	17
18	18	18	18	18	18	18	18	18	18	18	18
19	19	19	19	19	19	19	19	19	19	19	19 Sumarið
20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20 Sumarið
21 Skvöldur	21	21	21	21	21	21	21	21	21	21	21 Sumarið
22	22	22	22	22	22 Skvöldur	22	22	22	22	22	22 Sumarið
23	23	23	23	23 Þóðskermssönn	23	23	23	23	23	23	23 Sumarið
24	24	24	24	24	24	24	24	24	24	24	24
25	25	25	25	25	25	25	25	25	25	25	25
26	26	26	26	26 2. íbyðun	26	26	26	26	26	26	26 Sumarið
27	27	27	27	27	27	27	27	27	27	27	27 Sumarið
28	28	28	28	28	28	28	28	28	28	28	28 Sumarið
29	29	29	29	29	29	29	29	29	29	29	29 Sumarið
30	30	30	30	30	30	30	30	30	30	30	30 Sumarið
31		31		31			31				31

Vesturberg

Birt með fyrirvara um breytingar